**Fundargerð**

**Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.**

Haldinn 8. maí 2023.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.17.50.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Magnús Gunnarsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Aðalbjörg Óladóttir, Viðar Halldórsson, Már Sveinbjörnsson og Arnfríður Kristín Arnardóttir. Forföll: Sylvía Ósk Speight.

**Dagskrá:**

1. **53. þing ÍBH, undirbúningur**
    a. Dagskrá.
    b. Listi yfir mál og tillögur.
    c. Nefndir stjórnar ÍBH gefa skýrslu.
    d. Þingnefndir, undirbúningur.

   Lagt fram til kynningar, undirbúnings og umræðna.

2. **Þjónustumerki ÍBH**
   Tillaga um þjónustumerki ÍBH, lögð fram og samþykkt.

3. **Heiðursviðurkenningar á þingi**
   Tillaga um gull- og silfurmerki ÍBH lögð fram og samþykkt.

4. **Nýr tómstundavefur**
   Í lok mars sl. vakti Hafnarfjarðarbær athygli á nýjum tómstundavef. Upplýsingum um hann hefur verið komið til allra aðildarfélaga ÍBH. Lagt fram til kynningar.

5. **Viðauki við samning milli ÍBH, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar, drög**
   Lagt fram til kynningar.

6. **Úthlutun úr ferðasjóði íþróttafélaga vegna 2022**
   Í lok mars sl. úthlutaði ÍSÍ 123,9 milljónum króna til íþróttafélaga vegna keppnisferða innanlands. Hlutur ÍBH var kr. 3,739,617, sem skiptist á eftirtalin félög: Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar kr. 1,622, Knattspyrnufélagið Ásvellir kr. 53,454, Fimleikafélagið Björk kr. 55,181, Badmintonfélag Hafnarfjarðar kr. 68,165, Blakfélag Hafnarfjarðar kr. 126,402, Íþróttafélag Hafnarfjarðar kr. 235,700, Fimleikafélag Hafnarfjarðar kr. 361,510, Knattspyrnufélagið Haukar kr. 2,837,583.

7. **Ráðstefna um hreyfiúrræði 60+ fyrir skipuleggjendur og þjálfara**
   Fer fram 16. maí nk. í Háskólanum í Reykjavík. Fjölbreytt dagskrá er í boði frá kl. 12.00 - 16.00. Lagt fram til kynningar.

8. **Vorfundur UMFÍ 13. maí 2023 í þjónustumiðstöð UMFÍ Reykjavík**
   Lagt fram til kynningar.

9. **Önnur mál**

a). Rætt um málefni Bogfimifélagsins Hróa Hattar varðandi úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum í Hafnarfirði.

b). ALS sagði frá því að Badmintonfélag Hafnarfjarðar hefði fyrir stuttu eignast fyrsta Íslandsmeistarann í einliðaleik kvenna í efsta flokki í badmintoni Gerda Voitechovskaja. ÍBH færir félaginu hamingjuóskir.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.